

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök
Heimilanna



28. mars 2022

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 39. mál á 152. löggjafarþingi

Menntasjóður námsmanna (launatekjur)

Hagsmunasamtök heimilanna eru heilshugar fylgjandi frumvarpi þessu, sérstaklega 2. gr. þess. Það er óþarfi að refsna námsmönnum fyrir að afla sér aukatekna með vinnu, með því að skerða lántökurétt þeirra. Lán er ekki gjöf því það þarf alltaf að endurgreiða og ef eitthvað er ætti námsmaður sem sýnir getu til að afla sér aukinna tekna að teljast líklegri til að geta staðið undir skuldbindingum sínum en ella. Jafnframt er slíkur námsmaður líklega í betri aðstöðu en ella til að meta lántökupörf sína og haga lántöku eftir því. Að öðru leyti er tekið undir röksemdir um þetta í greinargerð með frumvarpinu.

Nánar um 2. gr. frumvarpins:

Samkvæmt 2. mgr. 26. gr. laga um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020 eru kröfur vegna námslána undanþegnar ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti um lengd fyrningarfrests og sérreglum þeirra um fyrningarslit. Þetta brýtur í bága við meginreglu skuldaskilaréttar um jafnræði kröfuhafa, auk þess að fela í sér mismunun milli skuldara eftir tegund skulda, svo sem vegna námslána eða húsnæðisskulda. Er því vandséð að umrætt ákvæði laganna samræmist jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Tveggja ára fyrningarregla 165. gr. laga um gjaldþrotaskipti var sett árið 2010 í kjölfar bankahrunsins og hefur reynst mikilvæg réttarbót, en gjaldþrot er stundum eina leiðin sem einstaklingar hafa út úr óviðráðanlegum skuldavanda. Með umræddri 26. gr. laga nr. 60/2020 var vegið að því úrræði og það hefur grafið verulega undan réttarstöðu skuldara. Lánasjóðurinn er í raun eini kröfuhafinn sem hefur ekki viljað una slíkri fyrningu og hefur höfðað fjölda dómsmála til að slíta henni, en tapað þeim öllum. Í öllum dómum Hæstaréttar Íslands í umræddum málum var því hafnað að sjóðurinn hefði sérstaka hagsmuni umfram aðra kröfuhafa af því að kröfur sínar fyrndust ekki samkvæmt ákvæðinu. Ákvæði 26. gr. laga nr. 60/2020 fer því þvert gegn þessum afgerandi niðurstöðum Hæstaréttar Íslands.

Niðurstaða:

Hagsmunasamtök heimilanna mæla með því að frumvarpið verði **samþykkt**.

- 0 -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is